# Þ-r-ö-s-t-u-r.

Útgefandi. U. M. F. „Vaka".

Fyrsta tölublað og fyrsti árgangur 1939.

Ritstjórn.
Herjólfur Sveinsson.
Gísli Bessason
Guðjón Jónsson
Gísli. P. Ólafsson.

## Æskuárin

Skemmtilegasta og dýrmætasta tímabil æfi okkar er æskan. Þá erum við yfir leitt, tápmikil hugrökk og djörf, og horfum björtum augum á framtíðina.
Á æskuárunum byggjum við okkur skýjaborgir ef svo mætti að orði kveða, gerum ýmsar áætlanir er varða framtíð okkar.
Eg álít að okkur beri, og að það sé skylda okkar þegar á æskuárunum að setja okkur hátt mark með því að ef við gerum það þá munum við í flestum tilfellum vinna sjálfum okkur og þjóð okkar meira gagn en við annars mundum gera. Að vísu verðum við að játa það að ýmsar orsakir okkur óviðráðanlegar og ófyrir-sjáanlegar geta valdið því að við getum ekki látið hugsjónir okkar rætast eða komist að settu marki, og vitanlega er það ekkert skemmtilegt að sjá gusta um fallnar borgir sem báru við skýin fyr. Lífshamingja okkar er heldur ekki eingöngu fólgin í því að við komumst sem hæst í stiga metorða

og valda, því það andar stundum kalt á
þá sem standa á tindi frægðarinnar.
Hamingja lífs okkar er aðallega fólgin í því
að við höfum það starf að vinna, sem okkur
er kærast og hugþekkast að fást við, og að
við höfum aðstöðu til að neyta krafta okkar
á því sviði. Starfið er sá grundvöllur sem
er undirstaðan að framþróun og þekking
í öllum sviðum. Æskumaður nútímans
þarf að læra mikið því hin ýmsu við-
fangsefni lífsins krefjast mikillar þekkingar
Hann þarf að efla starfsþrótt sinn vera
drenglyndur og hugprúður og hafa heilbrigðar
skoðanir um menn og málefni.
Íslenskir æsku menn úr sveitunum afla
sér þekkingar í búnaðarskólum landsins
til þess að verða færara að fást við þau
verkefni er bíða þeirra heima í sveitunum.
Þar eiga þeir mikið starf fyrir höndum
og það starf er mikilfenglegt og veglegt
Land okkar hefir stundum verið nefnt
land möguleikanna, og má það til
sanns vegar færa. Íslenski æskulýðurinn í
sveitunum þarf ekki að flýja þaðan

því þar eru verkefni við hans hæfi, og næg
skilyrði til þess að geta lifað góðu lífi.
Kynslóðin unga í sveitum Íslands hlýtur að
eiga bjarta framtíð fyrir höndum

S. R.

## Lifi Sveitin

Í þetta sinn verður mér það fyrir, að
hörfa aftur í tímann, og rifja upp atburð
sem skeði á söguöld, og bera saman þann
hugsunarhátt sem þá er ríkjandi. og þann
sem ríkir nú.
Engin sögn hefir haft jafn heillandi
áhrif á mig og sagan af bræðrunum
Gunnari og Kolskegg í Njálu.
Við skulum nú gera okkur ljósa afstöðu
þessara manna eins og ástatt var fyrir
þeim þá. Þeir eru útlagir, sekir
skógarmenn sem eru burtrækir af
sinni eiginn fósturjörð óalandi óferjandi
o.s.f. „Hver er sá sem vill standa í
sporum þessara miklu manna“?
Þegar þeir eru albúnir til ferðar búnir
að kveðja vini og vandamenn, og eru
lagðir af stað þá skeður það merkilega
sem lengi verður minnst.
Það er sagt að þegar bræðurnir:
Gunnar og Kolskeggur hafi verið að ríða
til skips, þá hafi Gunnar litið við

og sagt: „Fögur er hlíðin bleikir akrar og
slegin tún, og mun ég hvergi fara.“
Þegar vér hugsum um afstöðu Gunnars
eins og hún var þá þegar hann er orðinn
sekur fyrir mann víg og búið að dæma
hann á Alþingi til utanfarar.
En ekkert dugar. til að eyða ást hans á
fósturjörðinni og fegurðarelskunni á
sína eigin sveit, þrátt fyrir það þó
hvervetna blasi við ufurárfar óvinanna
sem leitast við að veita honum bana.
Þá lætur hann ekki hugfallast þó honum
sé það fyllilega ljóst að dauðinn sé í
vændum,
Nú langar mig til að gera saman burð
á hugsunarhætti Gunnars og, á þeim
hugsunarhætti sem virðist ríkja með
núlifandi kynslóð okkar Íslendinga,
Nú má svo heita að hver, þykist mestur
sem yfir gefur sveit sína sem fyrst.
Að vísu er nú um fleyri leiðir að
ráða til atvinnumöguleika en var í tíð
Gunnars.
Þá var ekki um neina kaupstaði

hér að ráða sem hægt var að flýja til, eins og hægt er nú, þá var aðeins um landbúnað að ráða.
Þó var metnaður formanna svo mikill að sagt er að eigi hafi sá þótt maður með mönnum sem ekki hafi farið til útlanda.
En á löngu tímabili breytist margt, og svo hefir einnig orðið hér hjá vorri þjóð, og ekki þarf að líta langt til baka til að sjá þann mikla mun sem orðið hefir á síðustu árum við það sem áður var þess vegna er ekki að undra sig á þó hugsunar hátturinn hafi breyst líka, þegar ég hugsa um sveitalífið og þann mikla folksstraum úr sveitum til kaupstaðanna, þá verður mér oft að spyrja sjálfan mig „Að hverju stefnir, ef þessu heldur áfram, eða öllu heldur ~~heldur~~ „hvað getur þetta gengið lengi.
Nei við þessi fáu sem eftir erum í sveitunum, við látum það ekki ganga svo lengur, því til eru menn sem eiga

trú á mátt Íslensku moldarinnar, þá trú að hún eigi að brauðfæða þjóðina í framtíðinni. þess vegna er mál að hefjast handa, og vinna að eflingu sveitanna en ekki að eitileggingu hennar. Nú á síðustu árum hefur á nokkrum stöðum verið sáð korni. þetta hefur gefist fremur vel, svo það er fyllilega þess vert að því verði gaumur gefin í framtíðinni Svo ekki er óhugsandi að eigi eftir að blasa við bleikir akrar og slegin tún, en til þess þarf að vakna áhugi og trú á sveitalífið. En þá trú hef ég að sveitirnar eigi eftir að ala upp þá menn og þær konur sem eiga eftir að bera sveitirnar fram til sigurs sjálfum sér og þjóðinni til sóma og blessunar á ókomnum árum.

Til Þrastar
Frá
Tristil í Garðshorni

## Sendibréf

Kjæri Þröstur!

Eg hripa þér þessar línur, án þess að hafa hugmynd um, hvort þú ert lífs eða liðin. En ~~ef~~ þar sem þú ert minn vesalings þröstur svo ógæfusamur, að þurfa að sækja þitt lífs-viðhald til okkar mannanna, þá má eins búast ~~að~~ við, að þitt síðasta andvarp sé nú þegar liðið, og til vonar og vara adressa eg þennan miða á bakhlutan, svo hann komi þó aftur til föðurhúsanna

Jæja þröstur minn! sé heilsa þín svo góð að hún dugi á meðan þú lest þetta bréf, þá hefir þú eytt þar orku fyrir lítið, því fréttir verða mjög af skornum skamti, því hér í V.sveit gjörist fremur lítið markvert, þó nú sé nú slúðrað - þú ekki vantar það. Tíðarfarið hefur verið stirt, og jarðbönn síðan um jól, og ef gefa þarf skepnum inni fram að krossmessu, eins og sumir af spámönnunum sveitarinnar hafa látið sig dreyma um, þá verða allir orðnir heylausir.

Sumir vilja jafnvel halda að ekki batni
til Júls fyr en um, eða skömmu fyrir Jóns-
messu. En um það leyti eiga þeir von á
sálusorgara að sunnan, og heitir sá sálu-
sorgari Jóninmitt Jón. Má vera að hann
hafi batandi áhrif á tíðarfarið, þar sem
hann þá líka kemur úr hlýrra umhverfi
Þú mánst kanski þröstur minn, að þegar
þú varst hér með okkur V.sveitarbúum,
að þá var starfandi ungmennafélag, sem
nefndist Vaka - og um það leyti sem þú
hvarfst frá okkur, var kosin ný stjórn
félagsins. En þeir sem kosningu hlutu,
voru langt að komnir og göngumóðir
og þurftu því eðlilega að hvílast.
Enda hafa framkvæmdir hennar aðallega
verið niðurskurður á hrútum - og félags-
skapurinn er nú nendur Sísofandi.
Þú manst einnig að V.sveitarbúar áttu svo
sem funda- og samkomuhús - og þótti það,
mikil framför á sviði menningarinnar í
þá daga - en um sögu þess, er þú sjálfsagt
ekki kunnugur, og skal því skýrt frá að-
al atriðum.

V.sveitamenn fóru að hafa orð á því, að mál-
efnum sveitarinnar væri ekki eins vel borgið
sem skildi með því að ráða þau ~~úti~~ und-
berum himni, því menn hefðu ekki þol til
að sitja langa fundi í hvaða veðri sem væri,
og málum væri því flaustrað af hálf klár-
uðum og illa afgreiddum.
Var nú sendur út hraðboði, um að ~~að~~ V.sveita-
menn vildu kaupa hús í heilu lagi - síðan
bárust að tilboð úr öllum áttum - og þótti
~~einna~~ einna best tilboð frá Skagamönn-
um um hvalveiðaskúr, sem þeir gjarnan
vildu selja, þar sem hvalur gengur nú
ekki lengur inn á Skagafjörð.
Fengu V.sveitamenn sér nú fleytu á næstu
höfn settu upp segl, og tóku beint strik
á Skaga, nema hvað þeir sneyddu lítið eitt
fyrir Drangey. Þegar til Skagans kom
tóku þeir hið mikla hús á herðar sér
og báru til sjáfar og sigldu síðan
sömu leið til baka, og afhentu það húsa-
meistara sveitarinnar. Rammaði hann það
síðan niður á þeim stað, sem fyrir hugaður
var, og þar hefur það síðan staðið og stendur
en á haldjárnel.

En af því segji ég þér þessa sögu, að á meðan ungmennafélagið Vaka starfaði barðist það aðallega fyrir einu máli sem var bygging á nýju og fullkomnara húsi fyrir sveitina. Það gat ekki lengur unað við skúrinn, frá Skagamönnum.

En þar sem ungmennafélagið var sjálft svo vanmattugt að það gat ekki eitt risið undir þeirri byrði, sem af húsbyggingunni leiddi, skoraði það á hreppsnefnd sveitarinnar, að leggja all verulega fram í þá byggingu.

Þeirri áskorun var tekið fálega ~~fallega~~ af hreppsnefndinni og öðrum V.sveitamönnum. Voru kanski taplega búnir að ná sér eftir hina miklu glæfraför.

Nú skeði nokkuð, alt í einu kemur sú skipun, að nýjar sveitarstjórnar og sýslunefndar kosningar áttu að fara fram.

Vökumenn vissu hve allar kosningar hafa mikil áhrif á menn yfir leitt, að verstu íhalds eða afturhaldsseggirnir geta orðið rétt fyrir kosningar einhverjir mestu umbóta og framkvæmdarmenn þjóðar-

Það brást heldur ekki í þetta sinn. Nú tóku menn til og fóru að gera uppdrætti af skóla og samkomuhúsi; jafnt þeir ólíklegustu sem þeir líklegustu.

Síðan var húsbyggingarmálið rætt á hreppsfundi, og fékk það þar hinar prýðilegustu undirtektir frá helstu forráðamönnum sveitarinnar, svo sem oddvita, sýslunefndarm. og hreppstjóra. og fl.

Virtist oss vökumönnum ekkert eftir nema hefja verkið. Á þessum fundi, var kosin 5 manna nefnd sem hafa átti alla framkvæmd í málinu svo sem leita að byggingarefni finna framtíðar stað fyrir húsið að standa á o.fl. o.fl.

Nefndina skipuðu 2 harðvítugir Vökumenn, 2 yfirmenn sveitafélagsins og sá 5 átti að vera nokkurskonar málamiðlunar eða tillögumaður beggja aðilja.

Síðan gekk kosningar aldan yfir, og kosningu hlutu vitanlega frægustu menn sveitarinnar raunar fór engin kosning fram, því þeir sem áður fóru með sveitarmálin voru sjálfkjörnir, þar sem

afkomendur þeirra, voru ekki orðnir nógu stórir. En í sveit. gildir um sveitastjórna-kosningu og um konungakjör í öðrum löndum, nema hér er miðað við 21. árs aldur.

Jæja Þröstur minn, síðan eftir kosninguna hefir strikið verið slegið yfir alla bygginguna og yfir bitt allar framkvæmdir, sem til bóta mátti vera fyrir sveit og þjóð.

Nú er spurning vökumanna til velferðar, húsbyggingunni og öðrum sveitamálum hvenær verða næstu sveitastjórnarkosningar í Viðvíkursveit?

Vökumaður.

# Þröstur:

Útgefandi U. M. F. „Vaka“

Fjórði árg. 2. tölublað.

Ritstjórn.

Gísli Bessason
Jónas Kr. Ósmann
Ragnar Jóhannesson
Sigurmon Hartmannsson.